



FURUGRUND

LEIKSKÓLI

Kynningarbæklingur- eintak til útprentunar

Furugrund 1
200 Kópavogi
S: 5541124/8402678
furugrund@kopavogur.is
<http://furugrund.is>

Efnisyfirlit:

Velkomin í leikskóla
Saga leikskólans
Kynning á starfsfólki leikskólans
Starfsfólk leikskóla
Að byrja í leikskóla - Aðlögun

Leikskólastarf - Námskrá leikskóla

Leikskólanám
Leikurinn
Samskipti
Hugmyndafræði - Stefna leikskólans

Námssvið leikskóla

Málrækt
Hreyfing
Myndsköpun
Tónlist
Náttúra og umhverfi
Menning og samfélag
Daglegt líf
Dagskipulag
Matartímar
Svefn og hvíld
Hreinlæti
Að klæða sig (úr og í)
Frágangur og snyrtimennska
Samverustundir
Útivera
Vettvangsferðir
Hópvinna
Val
Pema
Elstu börnin
Sérkennsla
Lífsleikni
Samstarfsaðilar
Ársáætlun - Ársskýrsla

Foreldrasamvinna

Foreldraviðtöl
Foreldrafundir
Upplýsingatöflur
Kaffidagar - opið hús
Foreldrafélag
Foreldraráð

Hagnýtar upplýsingar

Að koma og fara
Afmæli barnanna - Þegar börn hætta
Leikföng
Klæðnaður barna
Óhöpp, slys og veikindi
Fjarvistir barna
Breytt heimilisfang og breytingar á högum
Dvalarsamningur
Dvalartímar
Dvalargjöld
Skipulagsdagar
Sumarleyfislokun. Aðfangadagur og gamlársdagur

Velkomin í leikskólann Furugrund

Leikskólinn Furugrund hóf starfsemi sína þann 8. apríl 1978. Í leikskólanum eru fjórar deildir. Mánasteinn og Dropasteinn eru deildir fyrir börn á aldrinum 3-6 ára, þar dvelja 26 börn samtímis á hvorri deild. Álfasteinn og Dvergasteinn eru fyrir börn á aldrinum 1-3 ára, þar eru börnin 12 samtímis á hvorri deild. Leikskólinn er einsetinn og hér dvelja 76 börn í mismunandi dvalartímum, frá 5 upp í 9 tíma.

Leikskólastjóri: Helga E. Jónsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Anna Björg Hilmarsdóttir

Sérkennslustjóri: Fjóra Þorvaldsdóttir

Deildarstjórnar: Dropasteinn; Guðlaug Ólafsdóttir, Mánasteinn; Ástfríður Árnadóttir,
Dvergasteinn; Jóhanna Leifsdóttir, Álfasteinn; Gréta Ingimundardóttir

Matráður; Erla Sigurðardóttir

Starfsfólk leikskóla

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og rekstri leikskólans.

Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra að honum fjarverandi og er honum til ráðuneytis um tilhögun innan leikskólans.

Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslu í leikskólanum

Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og barnahópnum á sinni deild. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni.

Leikskólakennarar og leiðbeinendur vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfinu á deildinni.

Leikskólasérkennari, leikskólakennari, þroskaþjálfari eða leiðbeinandi starfa á deildum vegna sérkennslu einstakra barna.

Matráður og starfsfólk í eldhúsi sér um matartilbúning og þvotta.

Ræstitæknar sjá um þrif.

Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmaður fær um barnið eru trúnaðarmál. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

Að byrja í leikskóla - Aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra/forráðamenn þess. Allt er framandi og ókunnugt og því er reynt að standa vel að aðlögun í upphafi. Hvernig til tekst í byrjun getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins.

Á meðan á aðlögun stendur er mikilvægt að foreldrar/forráðamenn kynnist starfsfólki deildarinnar og því starfi sem fram fer í leikskólanum. Með því er lagður góður grunnur að framtíðinni.

Gert er ráð fyrir allt að einni viku í aðlögun en það fer eftir aldri barns og aðstæðum að öðru leyti hve löng aðlögun er. Reynslan er sú að þegar barnið er öruggt og hefur öðlast það traust á leikskólanum sínum sem nauðsynlegt er þá er björninn unninn.

Í leikskólanum er staðið vel að því þegar barn flytur á milli deilda. Starfsfólk sér um aðlögun á milli deilda nema ef foreldrar óska eftir öðru.

Leikskólastarf - Námskrá leikskólans

Leikskólastarf á Íslandi byggist á lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gefur út. Leikskóli er lögum samkvæmt uppeldis- og menntastofnun, skóli þar sem börn læra og þroskast í leik. Leikskólauppeldi er sérstakt uppeldi og mikilvæg viðbót við uppeldi foreldra.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu móttast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldi og kennslu í leikskóla skulu vera:

- a. að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náninni samvinnu við foreldra,
- b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- f. að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannglegra samskipta. (Lög um leikskóla nr.90 12.júní 2008).

Leikskólanám

Í námskrá leikskólans er tekið á fjölmörgum þáttum sem barnið er að tileinka sér og læra í samvinnu og samskiptum við aðra í leikskólanum.

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barna, þ.e.a.s. efla mikilvægustu þroskaþætti sem samvinnast hjá barninu. Þessir meginþættir og samspil þeirra varða líkamsvöxt barna og hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, félagsvitund og félagshæfni, fegurðarskyn og sköpunarhæfni, siðgæði og siðgæðisvitund.

Nám í leik

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfi barnanna. Í leikskóla er barnið að læra fyrir lífið. Í leikskóla er unnið með þætti sem eru undirstaða lesturs, skriftar, stærðfræði, í gegnum leik og með því að gera umhverfið þannig úr garði að það sé hvetjandi og þroskandi. Hvort sem barnið er í hlutverkaleik, úti í sandkassa, í kubbaleik, að mála, að sulta, í samverustund, í skapandi vinnu, alls staðar er verið að fást við undirstöðupætti.

Nám í samskiptum

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Leikskólakennarar stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra. Sjálfsmyndin móttast fyrst og fremst í samskiptum við annað fólk, börn og fullorðna. Samvinna, samkennd, tillitssemi og ábyrgðartilfinning eru grunnþættir í félagsþroska barna, því eru leikskólakennarar fyrirmyndir í orði og athöfnum.

Nám í skapandi starfi og skapandi hugsun

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börn verða að þróa með sér. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra. Leikskólakennarar hvetja börnin til að spyrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni.

Nám í daglegu lífi í leikskóla

Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólastarfinu. Umönnun felst í því að annast börnin líkamlega og af ástúð, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust. Leikskólakennarar nota öll tækifæri sem gefast til að örva nám barnanna, t.d. í matartímum, fataherbergi og á snyrtingu.

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins. Hann er kennsluáferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Í bernsku er það að leika sér það sama og að læra og leita sér þekkingar. Hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur er talinn "leikur leikjanna". Rannsóknir sýna að börn á leikskólaaldri læra mest og best í leik.

Samskipti í leikskólanum skipta miklu máli. Börnin eru í samskiptum við mörg börn allan daginn, í litlum eða stórum hópum. Börnin eru hvött til að sýna öðrum börnum umburðarlyndi og hjálpsemi. Samvinna, samkennd, tillitsemi og ábyrgðartilfinning eru mikilvægur þáttur í félagsþroska barna. Börn í dag umgangast jafnaldra lítið nema í leikskólanum og því er barnahópurinn einn besti þroskakosturinn fyrir barnið vegna þess að það lærir annað og meira í samskiptum sínum við önnur börn en í samskiptum sínum við fullorðna. Börn í dag umgangast jafnaldra lítið nema í leikskólanum.

Stefna leikskólans

Við sem störfum í Leikskólanum Furugrund viljum leggja okkar að mörkum til þess að börnunum líði vel og séu örugg. Við viljum að virðing sé borin fyrir ólíkum þörfum og skoðunum. Virðingarhugtakið er grundvallaratriði í samskiptum allra bæði barna og fullorðinna.

Við viljum rækta með börnunum sjálfsgæta, sjálfstæði og frumkvæði. Leikskólinn á að vera fordómalaus við reynum að *skilja ekki dæma*. Glæðværð á að setja mark sitt á leikskólastarfið.

Einkunnarorð leikskólans eru: Virðing - öryggi - traust og hlýja

Við leggjum áherslu á að hinn fullorðni samsami sig barninu.

Til þess að barn þroskast sem heilbrigður einstaklingur eru þrjár grunnþarfir sem þarf að uppfylla:

Öryggisþörfin: Þörfin fyrir stöðugleika og öryggi. Traust sé ríkjandi í öllum samskiptum. Byggð er upp öryggiskennd hjá barninu með því m.a. að daglega starfið sé einfalt, reglur skýrar og samskiptin séu þess eðlis að barnið öðlist traust. Öryggiskenndin er grundvöllur að heilbrigðum persónuþroska og forsenda tilfinninga, félags og vitsmunuþroska. Leikskólinn er staður þar sem börnin geta verið þau sjálf.

Félagsleg þörf: Það að þykja vænt um hvort annað og taka á móti væntumþykju, að læra að gefa og þiggja. Þjálfu upp félagslega færni barnsins.

Sjálfsvirðingarþörf: Að finna gildi sitt í því sem lagt er að mörkum og fá viðurkenningu frá öðrum. Styrking sjálfsmýndar barnsins er þar í fyrirrúmi með því að barnið fái trú á sjálft sig og eigin getu. Sjálfsmýndin er það sem barninu finnst um sjálft sig, hún þroskast í félagslegu samhengi og umhverfi. Það lífsviðhorf sem börn öðlast er að mestu leyti byggt á þeirri viðurkenningu sem fengin er frá umhverfinu. Reynslan og umhverfið eru mikilvægustu uppsprettur þekkingar í lífi barna.

Í leik og í starfi leikskólans eigum við að vera meðvituð um stefnuna. Í öllu uppeldisstarfi skipulögðu og óskipulögðu er hún rauði þráðurinn. Börnunum á að líða vel í leikskólanum. Þau eiga að upplifa öryggi og traust.

Börn læra í leikskóla. Menntunin/námið fer fram í daglegum samskiptum, sem byggja á hlýju, virðingu og fordómaleysi og skilningi á því að börnin fái nægan tíma til þess að leika sér og til skapandi starfs. Leikur barna er náms og þroskaleið þeirra. Kenningar Eriks Erikson eru n.k. leiðarljós okkar í leikskólanum. Í kenningum hans kemur skýrt fram að leikurinn er aðalatriðið. Í annan stað undirstrikar hann mikilvægi hins fullorðna í uppeldi barna. Þörf barnsins fyrir að læra sem barnið gerir í gegnum leikinn. Þörf fyrir öryggi, samskipti við jafningjahópinn (önnur börn) og leiðsögn og fyrirmynd frá fullorðnum.

Leikskólinn Furugrund er Grænfánaskóli frá því árið 2009. Leikskólinn er umhverfisvænn leikskóli sem leggur mikla áherslu á umhverfismenntun. Umhverfisvernd er hluti af því að þekkja og bera virðingu fyrir náttúrunni.

Námssvið leikskólans

Ákveðin námssvið eru undirstaða náms barnanna í leikskólanum. Þessi námssvið skarast öll að meira eða minna leyti og

haldast í hendur við leik og daglegt líf.

Málrækt fléttast inn í flesta þætti leikskólastarfsins. Í frumbersku og á leikskólaaldri er lagður grundvöllur að málþroska barna. Lögð er áhersla á að barnið fái að tjá hugsanir sínar og tilfinningar og færa rök fyrir máli sínu, jafnframt því að hlusta á aðra og leysa ágreiningsmál með því að nota málið. Lögð er áhersla á að börnin hlusti á gott mál og að vel sé vandað til vals á bókum.

Við notum okkur allar þær stundir sem gefast til samskipta yfir daginn. Í fataklefanum, við matarborðið, í frjálsa leiknum, leikfiminni, hópavinnunni. Púsl og spil eru einnig mikið notuð til málörvunar. Við leggjum alltaf áherslu á að tala gott íslenskt mál. Bassi er einu sinni í viku fyrir börnin sem eru 3ja og 4 ja ára í aldurskiptum hópum. Bassi er mjög vinsæll hjá börnunum og skipar stóran sess í huga þeirra. Í dagskipulagi eru samveru og söngstundir sem nýtast markvisst til málörvunar.

Hreyfing er mikilvæg fyrir alhliða þroska barna. Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan og gleði. Hreyfiþörf barnanna er virt og örvuð og þau læra að þekkja og skynja líkama sinn og getu. Deildunum er skipt niður í athafnasvæði þar sem ólíkrar hreyfifærni er krafist. Þar er rými fyrir fín og grófhreyfileiki. Við förum í gönguferðir þar sem fléttað er saman náttúruskoðun, útivist og hreyfingu. Fastur útivistartími er eftir hádegi.

Tónlist er ríkur þáttur í allri þjóðmenningu. Börn öðlast fjölbreytta tónlistarreynslu og kynnast hljóðum, tónum og hreyfingu í leik og starfi. Stutt er við sjálfsprottinn söng barnanna, tilraunir með hljóðgjafa, hlustun, rím og hreyfingu.

Daglega eru söngstundir þar sem kenndar eru þulur og söngvar. Þar er unnið markvisst að því að þjálfra upp hlustun og leik með takti og skynjun. Í daglegu starfi eru hreyfi og söngleikir iðkaðir.

Myndsköpun er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Sköpun barnsins byggist á skynjun og reynslu. Í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin tjái sig frjálst í myndsköpun og noti fjölbreytilegan efnivið og áhöld. Sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoma. Skapandi starf eflir alla þroskaþætti. Föndurherbergin eru skipulögð þannig að börnin hafa aðgang að fjölbreyttum efnivið og verkefnum til frjálsra afnota. Börnin eru hvött til að prófa og gera tilraunir. Skapandi starf yngri barna fer fram í aðalstofum.

Náttúra og umhverfi er þýðingarmikið fyrir þroska barna. Mikilvægt er að börn upplifi náttúruna af eigin raun og læri að njóta hennar. Í leikskólanum er stuðlað að virðingu barnanna fyrir náttúrunni og náttúruvernd. Þau kynnast fjölbreytileika náttúrunnar, veðrinu, árstíðarskiptum og breytileika gróðurs og fuglalífs. Nálægð leikskólans við Fossvogsdalinn og skógræktina er vel til þess fallin að upplifa og kynnast náttúrunni og umhverfinu. Endurvinnsla og umhverfismennt er liður í starfseminni. Markmiðið þar er að leggja grundvöll að nauðsynlegu siðferðisviðhorfi til umhverfisins. Við flokkum allt rusl sem til fellur og förum með í endurvinnslu.

Menning og samfélagsþátttaka Hátíðir, hefðir og siðir eru ákveðin menning og tengsl við sögu okkar og fortíð. Í leikskólanum er lögð rækt við ýmsan þjóðlegan fróðleik. Kenndar eru gamlar þulur og kvæði og farið er í ýmsa leiki. Í leikskólanum hafa með tímanum myndast ákveðnar hefðir sem eru mikilvægur hluti af menningu skólans s.s. jólaball, þorrablót, sólarcaffi, öskudagshátíð, kveðjuhátíð og fleira.

Daglegt líf í leikskóla

Eins og fram hefur komið fléttast námssvið og námsþættir inn í daglegt líf og leik barnsins. Borðhald, hvíld, hreinlæti og að klæða sig úr og í, eru mikilvægir þættir í námi barnsins. Börnin hjálpa sér sjálf eftir því sem þroski þeirra og geta leyfa, það eykur sjálfstæði þeirra og styrk.

Líkamleg umönnun og heilsuvernd stuðlar að almennri vellíðan barnsins. Leikskólastarfinu er skipt í ýmskonar leik, náms- og samverustundir.

Dagskipulag

Dagskipulag leikskólans og ákveðnar tímasetningar gefa starfinu festu og veita hverju barni öryggi. Leikskólinn er opinn frá kl. 7.30 árd. til kl. 17.00. síðdegis.

07.30-08.15	Leikskólinn opnar, leikur.
08.30-09.00	Morgunverður.
09.00-11.00	Leikur, hópavinna, val, útivera.
11.00-11.30	Söngstund
11.30-12.00	Hádegisverður.
12.00-12.30	Hvöld, róleg stund
12.30-14.30	Útivera /þema, leikfimi
14.30-15.00	Síðdegishressing
15.00-15.30	Sögustund
15.30-17.00	Leikur
17.00	Leikskólinn lokar

Á Álfa og Dvergasteini er dagskipulag með sama móti nema hvað að matartímar eru fyrr.

Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi. Mikil áhersla er lögð á að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum. Matseðill er kynntur foreldrum. Matartíminn á að vera notalegur tími þar sem öllum líður vel. Þar gefst tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna t.d. um hollustu, tannhirðu o.fl.

Starfsfólk matast með börnunum og áhersla er lögð á að börnin læri borðsiði. Börnin leggja á borð og sækja matinn í eldhúsið. Þau skammta sér sjálf á diskana, nota hníf og gaffal, hella í glasið sitt og ganga frá. Lögð er áhersla á að börnin "smakki" á þeim mat sem er á boðstólum. Þetta er þáttur í uppeldi þeirra til sjálfstæðis og sjálfsbjargar.

Öll börn taka þátt í þeim máltíðum sem eru á dvalartíma þeirra.

Svefn og hvíld er öllum börnum nauðsynleg. Lögð er áhersla á kyrrláta hvíldarstund á degi hverjum þar sem yngstu börnin sofna en þau eldri hlusta á sögu eða rólega tónlist.

Hreinlæti er liður í uppeldisstarfinu og er börnunum hjálpað við að tileinka sér góðar venjur, s.s. að þvo hendur fyrir máltíðir, eftir útiveru og salernisnotkun. Þannig þroska börnin með sér heilbriggt viðhorf til líkama síns og umhirðu.

Frágangur og snyrtimennska er einn liður í uppeldi og menntun barnanna. Börnin eru þáttakendur í undirbúningi að ýmsum verkefnum. Lögð er áhersla á að þau læri að ganga frá fatnaði sínum og þeim leikföngum og efnivið sem þau eru að vinna með hverju sinni.

Að klæða sig úr og í er liður í námi barnsins í leikskólanum.

Börnin klæða sig að mestu sjálf, en fá þá hjálp sem þau þarfnast. Þetta eykur sjálfstæði þeirra og styrkir sjálfsmýnd.

Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna. Í samverustundum eru lesnar sögur, sungið, farið í leiki og rætt saman. Börnin tjá sig og læra að hlusta á öðra. Ýmis fræðsla tengd menningu og listum er til umfjöllunar svo og heiti daganna, mánaðanna og einnig er veðráttan og tíðarfarið rætt í tengslum við árstíðirnar.

Útivera er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi jafnt sumar sem vetur. Útivera er börnum holl, styrkir og eflir, eykur mótstöðuafli og matarlyst og býður upp á góða hreyfingu. Í útiverunni gefast ótal tækifæri til náms, t.d. um náttúruna og veðrið. Útivera er alltaf eftir hádegi frá 12,30-14,15. Á öðrum tímum dags er útiveru hagað eftir veðri og vindum.

Vettvangsferðir auka vísýni barna og koma þeim í tengsl við umhverfi sitt og menningu. Börnin í leikskólanum fara í ýmsar lengri og skemtri vettvangsferðir. Ýmist er farið með litla eða stóra hópa. Oft tengjast ferðirnar þemastarfi.

Hópvinna eflir félagsþroska barna. Markmið hópvinna er að börnin læri að starfa í hóp, litlum eða stórum, að sameiginlegu markmiði. Börn sem eru saman í hóp læra að þekkja hvert annað og treysta hvert öðru og það er grundvöllur að góðu samstarfi. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og þroska og verkefni og vinnan er miðuð við hvern aldurshóp.

Val grundvallast á hugmyndum um áhugahvöt og virkni barnsins. Val á að stuðla að sjálfræði og sjálfstæði barnanna og einnig gefur valið kost á fjölbreyttum viðfangsefnum og verkefnum fyrir börnin og nýtir vel húsnæði og búnað leikskólans.

Valtöflur eru á eldri deildunum og börnin velja sér rými til að leika sér í, hvert rými er flokkað eftir litum. Í hverju rými er boðið upp á fjölbreytt leikefni. Börnin bera ábyrgð á vali sínu, þurfa að standa við það í ákveðinn lágmarkstíma

og ganga frá eftir sig þegar þau skipta. Valið er alltaf í frjálssa tímanum samkv. dagskipulagi. Valtöflur eru í aðalstofu.

Hópastarf felst í því að unnið er að ákveðnu viðfangsefni á fjölbreytilegan hátt í lengri eða skemmri tíma (þema). Börnin læra að nota öll skilningarvit og fjölbreyttar vinnuáferðir við að nálgast viðfangsefnið. Í hópastarfi eru kennd sjálfstæð vinnubrögð. Byggt er á tillitsemi. Vinnubrögðin stuðla að sjálfsaga og síðast en ekki síst á þemavinnan að vera skemmtileg. Þema leikskólans er "ég sjálfur" fyrir yngstu börnin. Mikið er lagt upp úr tónlist og hreyfingu. Hjá eldri börnunum er unnið með náttúruna og umhverfið. Sérstök áhersla er lögð á fugla, árstíðir, vettvangsferðir, nálægðin við Fossvogsdalinn og skógræktina kemur þar að góðum notum.

Elstu börnin hafa mikla þörf fyrir að takast á við verkefni sem reyna á færni þeirra bæði andlega og líkamlega. Sérstök áhersla er lögð á að þetta eru leikskólaverkefni og að hugmyndafræði og starfsáferðir leikskóla eru lagðar til grundvallar. Með ýmsum krefjandi verkefnum læra þau að fullvinna verk sín, þjálfa einbeitingu, færni og úthald. Í leikskólum Kópavogs er sérstök námskrá ætluð elstu börnum leikskólans. Hún tekur til hreyfingar, málræktar, myndsköpunar, náttúru og vísinda, tónlistar og stærðfræði.

Markmið með verkefnum elstu barnanna er:

- að efla sjálfstæði og frumkvæði
- að efla hópkennd og samvinnuhæfni
- að tryggja þeim krefjandi verkefni

Verkefni fyrir elstu börnin hefjast í byrjun október og eru einu sinni í viku, á fimmtudögum, fram í apríl. Sú hefð er í leikskólanum að elstu börnin fara í ferðalag í maí þar sem gist er eina nótt. Oftast er farið í Ölfusborgir.

Sérkennsla

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri. Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Sum þeirra eru fötluð eða þurfa af ýmsum ástæðum sérkennslu. Markmið sérkennslunnar er að barnið geti notið leikskólavaldar sinnar. Sérkennslan fer fram í barnahópnum. Þess er sérstaklega gætt að börn sem njóta sérkennslu einangrist ekki frá barnahópnum og að þau njóti eðlilegra félagslegra tengsla. Félagsslegur tilgangur dvalarinnar í leikskólanum er hornsteinn. Einstaklingsáætlun er gerð í samráði við foreldra fyrir hvert barn sem á ihlutun þarf að halda.

Lífsleikni Með lífsleikni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft í samskiptum við aðra. Segja má að leikskólanámið sé í raun samfellt lífsleikninám. Til að öðlast lífsleikni þarf barnið að læra umburðarlyndi, læra að bera virðingu fyrir ólíku atgervi, skoðunum og menningu. Vinátta og samkennd er dýrmætt veganesti og góður undirbúningur undir virka þáttöku í félagslífi og samstarfi síðar í lífinu. Börnin þurfa að fá tækifæri til að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt og læra að gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sjálft sig og umhverfi sitt.

Samstarfsaðilar

Leikskólinn hefur samvinnu við ýmsa aðila. Hér er átt við aðra skóla, heilsugæslu, ráðgjafa- og sálfræðipjónustu og barnarverndaryfirvöld. Samvinna við grunnskóla er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og hefur það að markmiði að auðvelda barni að flytjast milli skólastiga.

Ársáætlun - Ársskýrsla

Leikskólinn vinnur áætlun fyrir væntanlegt leikskólaár og einnig ársskýrslu vegna liðins árs. Ársáætlun og ársskýrsla eru kynntar foreldrum.

Foreldrasamvinna

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl í leikskólanum og góðri líðan barnsins. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum. Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann og taka þátt í starfinu. Hafið samband við deildarstjóra ef þið óskið eftir að dvelja í leikskólanum.

Foreldraviðtöl

Tilgangur foreldraviðtala er að veita gagnkvæmar upplýsingar um barn, líðan þess og framgang. Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum á ári, haust og vor, og oftast ef þörf krefur eða foreldrar óska.

Foreldrafundur

Foreldrafundur er einu sinni á ári að hausti þá er kynning á vetrarstarfi leikskólans ásamt því að aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn.

Upplýsingatöflur og heimasíða

Upplýsingatöflum leikskólans er ætlað að koma á framfæri upplýsingum til foreldra. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast vel með upplýsingum á töflunni. Upplýsingatöflur eru í fataklefa. Á heimasíðu leikskólans <http://furugrund.is> eru daglega settar inn nýjar fréttir úr starfi leikskólans auk tilkynninga til foreldra.

Opið hús

Opið hús er ævinlega 11. maí á afmælisdegi Kópavogs. Þar er afrakstur vetrarstarfsins sýndur. Svokallaðir kaffidagar eru fyrsta föstudag í mánuði í október, desember og febrúar. Þá er kaffi og meðlæti á boðstólum fyrir foreldra.

Foreldrafélag

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag. Allar upplýsingar um starfsemi foreldrafélagsins er að finna á heimasíðu leikskólans.

Foreldrar greiða í sjóð sem notaður er til að auðga starfið t.d. sveitaferð, leiksýning, danskennsla, sund, sumarhátíð, og fleira. Upphæðin er ákveðin á aðalfundi foreldrafélagsins, er nú 5000 krónur á ári.

Foreldraráð

Við leikskólann er starfandi foreldraráð. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Starfsreglur og fréttir frá foreldraráði er að finna á heimasíðu leikskólans.

Hagnýtar upplýsingar

Að koma og fara

Leikskólinn leggur áherslu á að taka á vel á móti hverju barni svo það finni sig velkomið. Ætlast er til að foreldrar fylgi barninu inn á deild barnsins í hendur starfsfólks.

Nauðsynlegt er að láta starfsmann vita þegar komið er með barnið og það sótt. Foreldrum ber að virða þann dvalartíma sem samið hefur verið um, sem þýðir að ekki er í boði að koma með barnið fyrr og/eða sækja síðar en umsamdan tíma. Ætlast er til að barnið mæti tímanlega í leikskólann svo það missi ekki af mikilvægum þáttum í leikskólastarfinu. Það getur verið mjög erfitt fyrir barnið ef það kemur inn í miðja sögu-, hreyfi- eða tónlistarstund. Á milli kl. 11 og 12.30 er matartími og hvíld og er æskilegt að börnin séu ekki að koma í leikskólann á þeim tíma.

Vinsamlegast lokið alltaf hliðinu öryggisins vegna. Athugið að það skapar hættu og er mikill mengunarvaldur að hafa bíla í gangi á bílastæðunum. Læsið einnig bílunum.

Afmæli barnanna- Þegar börn hætta

Afmælisdagur er stór dagur fyrir hvert barn. Haldið er upp á hann í leikskólanum. Það sama á við þegar barn hættir. Mikilvægt er að samvinna sé á milli leikskólans og foreldranna um hvernig haldið er upp á þessa daga. Við höldum upp á afmæli barnanna þannig að þau fá kórónu. Þau eru þjónar þennan dag og bjóða börnunum sjálf upp á þær veitingar sem þau koma með. Við syngjum að sjálfsögðu afmælisönginn. Hvað varðar veitingarnar þá koma þær að heiman og er algengast að barnið komi með ís eða köku, allt er best í hófi. Vinsamlega athugið að leikskólinn hefur ekki milligöngu í sambandi við afmæli barnanna heima t.d. með því að koma boðsmiðum á milli barna.

Leikföng

Börnunum er leyfilegt að koma með eitt leikfang að heiman t.d. bangsa eða dúkku, bók, geisladisk eða DVD. Leikskólinn tekur ekki ábyrgð á einkaleikföngum barnanna.

Klæðnaður barna

Mikilvægt er að klæðnaður barnanna sé þægilegur og hæfi veðri. Mikilvægt er að merkja fatnað barnanna. Nauðsynlegt er að barnið hafi með sér aukafatnað og inniskó. Í leikskólanum vinnum við með ýmis efni s.s. liti, lím og málningu sem geta farið í fót barnanna. Þau börn sem nota bleiur koma með þær að heiman ásamt blautpurrkum. Hólf barnanna þarf að tæma á föstudögum vegna þrifa.

Óhöpp, slys og veikindi

Ef barn verður fyrir slysi, eða veikist, er haft samband við foreldra. Náist ekki í þá eða ef um alvarlegt slys er að ræða er farið beint með barnið á slysadeild eða heilsugæslustöð. Ef barn þarf að taka lyf er mikilvægt að haga lyfjagjöfinni þannig að lyfin séu gefin heima, en ekki í leikskólanum nema það sé óhjákvæmilegt.

Fjarvistir barna

Vinsamlegast tilkynnið ef barn er fjarverandi t.d. vegna veikinda eða fría.

Breytt heimilisfang og breytingar á högum

Foreldrum er skylt að tilkynna leikskóla breytingar á högum sínum svo sem breytt heimilisfang, símanúmer, vinnusíma og breytta hjúskaparstöðu. Mikilvægt er að foreldrar láti deildarstjóra vita um alvarleg veikindi eða dauðsfall í fjölskyldu barnsins.

Dvalarsamningur

Foreldrar skrifa undir dvalarsamning þegar barn byrjar í leikskólanum. Þar er tilgreindur sá tími sem barnið er í leikskólanum. Foreldrar eru minntir á að virða þann tíma sem samið hefur verið um. Vinnutími starfsmanna er skipulagður með tilliti til dvalarsamninganna.

Dvalartímar

Börnin eru ýmist í heilum rýmum, 7 til 9 stundir daglega, eða hlutarýmum, 4 til 6 stundir daglega. Dvöl allan daginn eða fh. hefst í síðasta lagi kl.9.00 árdegis. Öll börn taka þátt í þeim máltíðum sem falla innan dvalartíma þeirra. Óski foreldrar eftir breytingu á dvalartíma metur leikskólastjóri hvort og hvenær hægt er að verða við óskinni. Leikskólinn reynir að koma til móts við þarfir foreldra hvað dvalartíma varðar að því marki að það komi ekki niður á starfsseminni eða börnunum. Ef foreldrar óska eftir breytingu á eða viðbót við dvalartíma barnanna sækja þeir um hjá leikskólastjóra. Skal við það miðað að börn komi og fari innan dvalartíma.

Dvalargjöld

Dvalargjald er greitt fyrirfram og er eindagi 10. hvers mánaðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga leggjast á dráttarvextir. Ef 3 mánuðir eru ógreiddir er barninu sagt upp leikskólarými, en áður er sent út áminningarbréf.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 1 mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Þótt barn sé fjarverandi greiða foreldrar fyrir leikskólarýmið, nema ef um er að ræða samfelld veikindi barns í meira en hálfan mánuð, þá fæst helmingur dvalargjalds fyrir þann tíma dreginn frá gegn framvísun læknisvottorðs. Einstæðir foreldrar og námsmenn í fullu námi greiða lægra gjald gegn framvísun vottorða. Rafrænn greiðsluseðill berst í heimabanka hægt er að óska eftir gíróseðli.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru fimm á ári. Skipulagsdaga notar starfsfólk til að skipuleggja, undirbúa og endurmeta starf sitt. Þeir nýttast einnig í námskeið og fyrirlestra. Leikskólinn er lokaður á skipulagsdögum og eru þeir auglýstir með a.m.k. 4ra vikna fyrirvara. Foreldrum er kynnt dagskrá skipulagsdags.

Sumarleyfislokun - aðfangadagur og gamlaársdagur

Leikskólinn er lokaður í 2 vikur vegna sumarleyfa. Lokað er á hádegi (kl. 13.00) síðasta dag fyrir sumarleyfi og opnað á hádegi (kl.13.00) fyrsta dag eftir sumarleyfislokun. Sumarleyfislokun er auglýst með löngum fyrirvara. Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlaársdag.

Fræðslu- og menningarsvið

Leikskólinn heyrir undir leikskóladeild, Fræðslu- og menningarsviðs Kópavogs sem er til húsa í Fannborg 2, 2. hæð.

Starfsmenn leikskóladeildar:

Leikskólafulltrúi: Sesselja Hauksdóttir sesseljah@kopavogur.is er yfirmaður leikskóladeildar og jafnframt leikskólastjóra og hefur yfirumsjón með faglegu starfi og rekstri leikskólanna.

Símatímar: Mánud. kl. 13-14 og miðvikud. og föstud. kl. 11-12.

Viðtalstímar: Mánud. kl. 11-12 og miðvikud. kl. 9-11.

Leikskólaráðgjafi: Gerður Guðmundsdóttir gerdurg@kopavogur.is er leikskólastjórurum og öllum starfsmönnum leikskóla til ráðgjafar um fagleg málefni, samskipti og samstarf.

Sérkennslufulltrúi: Anna Karen Ásgeirsdóttir annak@kopavogur.is

sinnir ráðgjöf við starfsfólk leikskóla og foreldra vegna sérkennslubarna.

Símatími: Föstudaga kl. 13-14.

Sálfræðingur, talkennari og iðjupjálfi eru í hlutastarfi við leikskólana og sinna ráðgjöf við starfsfólk.

Innritunarfulltrúi: Hanna Sigríður Sigurðardóttir, netfang: hannasig@kopavogur.is

sér um skráningu barna á biðlista og innritun í samráði við leikskólastjóra.

Símatímar: Alla daga frá kl. 11 -12, nema miðvikudaga.

Skrifstofan er opin kl. 8.30-15.00 virka daga en skiptiborð er opið til kl. 16.30.

Sími á leikskóladeild er 570-1600. Fax: 570-1601